



Reglur um þátttöku starfsmanna Sveitarfélagsins Árborgar í afrekskeppnum í íþróttum

1. gr.

Starfsmenn Svf. Árborgar sem taka þátt í alþjóðlegum keppnum eða æfingaferðum þeim tengdum fyrir Íslands hönd eða félagsliðs, geta sótt um leyfi án skerðingar fastra launa, enda fái þeir ekki greiðslur vegna vinnutaps frá öðrum aðilum á sama tíma.

Slíkt leyfi takmarkast við leikmenn/íþróttafólk, þjálfara, fararstjóra, og dómara vegna þátttöku í keppni á Ólympíuleikum, Heimsmeistara-, Evrópumeistara-, og Norðurlandameistaramótum, sem og landskeppnum með landsliðum í viðurkenndum keppnisíþróttum innan sérsambanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

2. gr.

Leyfi, samkvæmt 1. gr., skal bundið við þann tíma sem keppni stendur yfir auk eðlilegs ferðatíma. Ekki er veitt leyfi á launum vegna einkaerinda sem falla saman við keppnisferðina né ferða einstaklinga eða félaga til æfinga eða dvalar í æfingabúðum á eigin vegum eða með félagsliði.

3. gr.

Starfsmaður sækir um leyfi *samkvæmt 1. gr.*, með tölvupósti eða á þar til gerðu eyðublaði til yfirmanns síns svo fljótt sem auðið er til að hægt sé að taka afstöðu til leyfisbeiðni og samþykkja hana eða hafna með góðum fyrirvara. Stjórnandi getur hafnað leyfisóskinni krefjist starfsemi stofnunarinnar þess.

Starfsmenn sem leyfi hljóta skv. reglum þessum skuldbinda sig til að vinna náið með stjórnanda sínum að undirbúningi leyfisins og vinna í hagin t.d. með því að hagræða verkefnum, flytja þau til eða undirbúa þau fyrir afleysingu.

Heimilt er stjórnanda að veita launað leyfi skv. reglum þessum í allt að 10 daga á hverju almanaksári til hvers starfsmanns. Stjórnanda er heimilt að takmarka leyfið við hámark viku í senn, krefjist starfsemi stofnunarinnar þess.

Launað leyfi skal skrá sem slíkt í viðverukerfi Sveitarfélagsins Árborgar, Vinnustund.

Samþykkt í bæjarráði xx.mars 2022